

Í skugga kerfishruns

Ritstjóri héraðsfréttablaðs er vís að ganga af göflunum fyrr eða síðar. Naum fjárráð, fátt ef eitthvert starfsfólk, lítill markaður á stóru landsvæði og miklir flokkadrættir og tortryggni gera það að verkum að líftími slíks ritstjóra í starfi er áætlaður tvö ár og upp frá því má reikna með að við taki dapurleg kulnun, hafi viðkomandi ekki þegar gengið frá borði. Að vísu má finna undantekningar frá þessu, sem betur fer.

Ég entist einmitt í tvö ár. Tók við haustið 2008 og hætti 2010. Ég hafði þá varið um áratug í að skrifa um Austurland, vöxt þess og viðgang ásamt fleiri landsmálum í Morgunblaðið, en blaðið dró saman seglin og lokaði ritstjórn sinni eystra vorið 2008. Þar sem nýjan ritstjóra vantaði skömmu síðar fyrir Austurgluggann var ég munstruð um borð og tók því fagnandi.

Lagt á brattann

Austurglugginn hafði þá bækistöð í timburkofa bakatil í þéttbýlinu á Reyðarfirði og voru helstu gestir þar köngulær og sá sem bar út póstinn. Við Erla Sigrún Einarsdóttir, þáverandi auglýsinga- og dreifingarstjóri blaðsins, rifum skrifstofuna í tætlur og ákváðum að hleypa inn ferskum straumum og meiri léttleika. Sömuleiðis lagðist ég yfir efnisþætti og útlit blaðsins og sneri þar ýmsu á haus og bætti við því sem mér þótti nauðsyn bera til.

Mér var enginn vandi á höndum að tengja mig inn, hafandi verið blaðamaður og ljósmyndari til margra ára, en bágt átti ég að skilja þá tregðu sem Austurglugginn mætti víða. Blaðið þótti einatt heldur ófinna en landsmiðlarnir, sem sjaldnast fjölluðu þó mikið um fjórðunginn og einhvern veginn stóð alltaf upp úr að allir vildu jú hafa blaðið lifandi en fáir vildu leggja í það fé. Mér var í fersku minni umfjöllun mín í Mogga um baráttuna við að koma Austurglugganum á laggirnar árið 2001 og bar því mikla virðingu fyrir tilurð hans og tilgangi. Ég setti mér það markmið frá upphafi að gæta virðingar og hofs í allri umfjöllun, hafa sannleikann að leiðarljósi, láta ekki sítogandi hagsmunaöfl innan fjórðungs hafa áhrif á fréttáflutning og fyrst og síðast að nota ekki blaðið til að sá fræjum úlfúðar og sundurlyndis, þó slíkt geti sjálfkrafa búið til söluvænlegar fréttir og sé oft og víða notað í því augnamiði. Þá var mér annt um gott málfar og rétta stafsetningu og skipti mér mikið af annars ágætum prófarkalestri og umbroti í prentsmiðju. Síðast en ekki síst breytti ég útgáfudegi blaðsins frá fimmtudegi yfir á föstudag sem var að mörgu leyti heppilegra. Við fluttum ritstjórnina í gott húsnæði við aðalgötu Reyðarfjarðar tæpu ári eftir að ég tók við og þá varð líflegra í kringum okkur og gestkvæmara, enda blaðið á ágætu skriði og hafði sæmilega vikt.

Fréttasílóíð risavaxið

Ég var margoft spurð að því utan fjórðungs hvort nokkuð væri sérstakt að fréttar af Austurlandi þegar búið væri að byggja Kárahnjúkavirkjun og álverið og fjórðungurinn kominn fyrir vind. Upptakasvæði efnis Austurgluggans spannar allt frá Vopnafirði til Djúpvavogs, frá Austfjarðamiðum inn á miðhálandi Íslands. Þá var haft auga með fregnum frá Hornafirði og Bakkafirði og þær gjarnan látnar fljóta með. Þetta er gríðarlega stórt svæði þar sem margt og mikið var að gerast á hverjum tíma og ógerningur

fyrir eina manneskju að vera viðstödd alla fréttæma viðburði. Fréttaritarar blaðsins á Vopnafirði og í Neskaupstað komu þá oft til skjalanna og björguðu málum, eða annað gott fólk sem tók að sér að smella af myndum fyrir blaðið og mátti þá leita upplýsinga símleiðis í kjölfarið. Það varð þó aldrei hörgull á athugasemdum við að umfjöllun vantaði um þennan eða hinn viðburðinn enda óvinnandi vegur að sinna öllu þó maður hafi reynt sitt besta. Ég verð til dæmis að viðurkenna að ég gerði lítið af því að vera viðstödd fjölmarga íþróttaviðburði fjórðungsins, en kom mér þess í stað upp nokkuð skilvirku kerfi aðstoðarmanna sem skenktu mér umfjallanir og ljósmyndir eftir þörfum. Alltaf var verið að leita uppi leiðir til að styrkja stöðu blaðsins frekar og var í því skyni til dæmis komið á fót samstarfi við sveitarfélög, Alcoa Fjarðaál, Landsvirkjun og ýmsa árvissa menningarviðburði um útgáfu fréttablaða fyrir viðkomandi í innblöðum.

Í skugga kerfishruns

Sé horft yfir þessi tvö ár sem ég ritstýrði Austurglugganum verður að játast að kerfishrun Íslands var þar alltumlykjandi og mikill viðsnúningur fyrir mig frá því að hafa linnulítið skrifað fréttir af uppbyggingu í fjórðungnum árin á undan í Mogga. Versnandi afkoma sjávarútvegsgreina, gjaldþrot stórra og smárra fyrirtækja, fólksflótti, gríðarmikil togstreita og deilur innan og á milli sveitarfélaganna og almenn armæða lituðu þennan tíma, þó framvinda álvers, SVN, HB Granda, Fljótsdalsstöðvar og Mjóeyrarhafnar væru jafnan upp á við. Ég velti mér þó lítið upp úr þessu, skrifaði daginn út og inn og á næturnar líka um það sem ég taldi fréttæmt þá stundina, gott eða vont, og kryddaði svo yfir allt saman með viðtölum við fólk sem hafði eitthvað uppbyggilegt til málanna að leggja. Og þar komum við að því sem mér hefur fundist langskemmtilegast að glíma við þennan tíma; að fá að setja mig inn í hvers konar aðstæður og draga af þeim lærdóm, fá að hlusta á lífsreynslu, upplifun og hugmyndir alls konar fólks og leggja vinnu og metnað í að koma því óbrennguðu áfram til lesenda.

Inni í öllu dægurþrasinu, slysafréttum, ógöngum, hneykslismálum, viðbjóði og bulli er þetta alltaf það sem skín skærast; venjulegar manneskjur sem tjá sig af einlægni. Ég man eftir að koma nötrandi úr viðtali við hjón sem höfðu misst drenginn sinn af slysförum og hafa ekki unnað mér hvíldar fyrr en ég þóttist vera búin að koma sorg þeirra, einlægni og fölskvalausri ást til skila í texta. Ég man eftir mér uppi í krana hátt yfir Mjóeyrarhöfn með Guðmundi Bjarnasyni að ræða álversmál. Undir kinnungi Gullversins á Seyðisfirði að spá í lækandi afurðaverð með Adolphi Guðmundssyni þá nýjum formanni LÍÚ. Með örvæntingarfullum öreigum Austurlands vikuna fyrir jól. Litlum skólabörnum að bera góðan skólaanda um í mjólkurbrúsum. Með skötufíklum í Brekku á Stöðvarfirði á Þorláksmessu. Í þreytandi orðaslagsmálum og rökræðum við einvalda fjórðungsins. Fáránlegum uppákomum vegna sögunnar endalausum um lækni á fjórðum. Einu sinni birti ég merkan draum gamals manns úr Vaðlavík á forsíðu.

Yfir og út

Fullorðnir, börn og aldraðir, fæðingar, slysfarir og dauði, pólitík, atvinnulífið, fiskurinn, stéttabaráttu, álið, menningin, ómenning, náttúran, sportið, fornminjar, góðgerðarvinna, ferðalög og guð má vita hvað fleira; allt fékk þetta sinn skammt en hvort sá skammtur var í réttum hlutföllum hef ég enga hugmynd um og lék þar eftir eyranu eins og landið lá hverju sinni. Ég fékk svo mína privat útrás við að skrifa leiðara og leyfði mér þar að fargviðrast og brýna fólk til dáða að hentugleikum.

Gamlir, veðurbarðir sjómenn, viturt fólk sem sér út yfir dægurþrasið og þeir sem hafa hugsjónir um ný menntunar- og atvinnutækifæri standa hjarta mínu næst eftir þennan tíma. Maðurinn sem beið í

47 ár eftir fermingarmyndunum sínum úr framköllun var skemmtilegur viðmælandi og andaktin var mest á ljóðakvöldum í Seldal að hausti. Ris og fall kapalverksmiðjuhugmyndar sorglegt, uppbyggingin á Vopnafirði áhugaverðust. Stjórn málin mest þreytandi. Fréttir af því sem til stóð en aldrei varð vandræðalegastar. Endalaust áreitið og barningurinn erfiðast en uppskeran líka oft ríkuleg. Ég var eini kvenkyns aðalritstjóri fréttablaðs á Íslandi þennan tíma og naut mín oft í starfinu. Lærði meira í dag en í gær, varð æ meira í burtu frá ástvinum mínum og fann hvernig starfið sogaði í sig allan minn kraft og viðleitni. Á endanum ákvað ég að söðla um og fara að gera eitthvað allt annað áður en ég hvellspringi. Kannski geng ég með bók í maganum. Í það minnsta hætti ég aldrei að skrifa né hafa áhuga á góðu fólki.